

Skipulags- og umhverfisráð Akraneskaupstaðar  
Sigurður Páll Harðarson  
Skipholti 16-18  
300 Akranes

Reykjavík, 19. janúar 2016

### **Efni: Fiskþurrkun HB Granda hf.**

Vísað er til umsóknar HB Granda dags. 23.01.2014 um stækkun lóðar og deiliskipulagstilloðu sem hefur verið í vinnslu og til umfjöllunar í kjölfarið. Einnig er vísað til bréfs HB Granda dags. 9.7.2015 með greinargerð um áform félagsins. Deiliskipulagstillagan er nú lögð fram að nýju eftir nokkrar breytingar, bæði efnislegar og í framsetningu uppdrátta, en auk þess hefur ítarleg umhverfisskýrsla verið unnin og er nú hluti framlagðrar deiliskipulagstilloðu. Flest efnisatriði bréfs HB Granda frá 9.7.2015 eru nú komin inn í umhverfisskýrsluna.

#### **1. Formáli**

Í ágúst 2013 samþykkti stjórn HB Granda kaup á Laugafiski ehf. sem rak fiskþurrkun á Akranesi. Stjórn félagsins gerði sér grein fyrir að komið væri að mikilli endurnýjun í þurrkuninni. Aðstaðan til eftirþurrkunar fullnægði ekki kröfum um vinnslu matvæla og vinnslan olli of mikilli lyktarmengun. Það lá því fyrir áætlun um verulega uppbyggingu og endurbætur á þurrkuninni við kaupin. Markmið uppbyggingarinnar voru skýr, þ.e. að bæta vinnsluferla og draga verulega úr lykt frá starfseminni, og þótti ljóst að þeim væri hægt að ná fram. Kaup félagsins á Laugafiski grundvölluðust á staðsetningunni. Hagræðið í því að hafa fiskþurrkun í næsta húsi við bolfiskvinnsluna er mikið, minnkar verulega svokallað sótspor og býður upp á aukin gæði vegna minni flutninga. Forráðamenn félagsins töldu að því yrði vel tekið að dregið yrði verulega úr lykt af starfseminni og hefðu ekki fest kaup á Laugafiski ehf. ef ljóst hefði verið að áhöld væru um hvort starfsemin fengi að vera á staðnum.

#### **2. Núverandi aðstaða**

Núverandi aðstaða félagsins til fiskþurrkunar er sem kunnugt er óviðunandi. Aðstæður gera ekkert annað en slakna með tímanum en fjárfestingar í betri búnaði o.fl. hafa dregist á langinn á meðan framtíð þurrkunarinnar er í óvissu. Þetta á ekki einungis við um eftirþurrkunina við Vesturgötu heldur einnig forþurrkunina að Breiðagötu.

### **3. Tilhögun framkvæmda**

Að fengnu leyfi til framkvæmda mun félagið hraða þeim sem kostur er enda farið að reyna á biðlund forráðamanna félagsins (og fleiri) að geta dregið úr lykt frá starfseminni. Framkvæmdirnar verða áfangaskiptar:

**Áfangi 1:** Ráðist verður í þennan áfanga svo fljótt sem auðið er. Ný eftirþurrkun, rými fyrir burrkjöfnun og pökkun.

**Áfangi 2:** Ráðist verður í framkvæmdir þegar aðgengi fæst að heitu vatni og landfylling verður til staðar, hugsanlega 2017. Hér er um að ræða aðra aðferð við þurrkun eða færibandaklefa og eftirþurrkun við hann.

### **4. Lokaorð**

Það er HB Granda nokkurt kappsmál að fá niðurstöðu í þetta mál sem fyrst. Félagið mun standa að framkvæmdum eins og best verður á kosið og hraða þeim eins og mögulegt er. Við teljum fullvist að draga muni verulega úr lyktaróþægindum vegna starfseminnar í kjölfar umræddra framkvæmda. Það er hins vegar ljóst að ekki verður alfarið komið í veg fyrir lykt af fiskþurrkun frekar en annarri vinnslu á fiski.

F.h. HB Granda hf.



---

Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri